

Umhverfisstefna Límtré Vírnets ehf

Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi Límtré Vírnets. Starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins skulu kynna sér efni stefnunnar og framfylgja henni, auk þess að leita leiða til umbóta í umhverfismálum.

Stefna Límtré Vírnets er að vera leiðandi í umhverfismálum sem snúa að sölu og framleiðslu á vörum til byggingaiðnaðar og auðvelda þannig viðskiptavinum sínum framkvæmdir á vistvænni hátt.

- Efla umhverfisvitund starfsfólks og hvetja starfsmenn til að bera virðingu fyrir umhverfinu og hvetja til framsækinnna og umhverfisvænni úrlausna
- Þróa stöðugt leiðir til að endurnýta og endurvinna það sem fellur til í rekstrinum og farga öðru á viðeigandi hátt
- Orkunotkun verði haldið í lágmarki og leitast við að draga úr mengun
- Innkaup fyrirtækisins taki mið af umhverfissjónarmiðum þar sem því verður við komið
- Efla og auka samstarf við þá birgja sem huga markvisst að umhverfi sínu, eru vottaðir og framleiða vörur með umhverfisvænum hætti.
- Leitast við að þróa og finna stöðugt umhverfisvænni vörur fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins
- ISO 14001 vottun árið 2024

Framfylgja skal öllum lagakröfum á sviði umhverfismála í starfsemi fyrirtækisins. Með umhverfisstefnunni skuldbindur fyrirtækið sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

Gerð skal aðgerðaáætlun til tveggja ára þar sem leiðir að tímasettum aðgerðum í umhverfismálum eru settar fram.

Umhverfisstefnan skal endurskoðuð á hverju ári. Árlega skal skulu ábyrgðaraðilar umhverfismála skila skýrslu þar um til framkvæmdastjórnar.